

Lestrarstefna Vatnsendaskóla

Lestur er undirstaða fyrir allt nám og þess vegna leggur Vatnsendaskóli mikla áherslu á lestrarkennslu. Góð lestrarfærni og markviss lestrarþjálfun er mikilvæg í námi allra barna og getur skipt sköpum varðandi framtíð þeirra. Því er mikið í húfi að vel takist til í lestrarnáminu þar sem lestur er ekki aðeins grunnur almennrar menntunar heldur hefur hann áhrif á sjálfsmynd nemenda og stuðlar að betra valdi á tungumálinu. Ennfremur stuðlar góð lestrarfærni að virkri þátttöku í samfélaginu og hlutdeild í heimi upplýsingatækni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss.

Í Vatnsendaskóli er tekið mið af lestrarstöðu nemandans hverju sinni og lögð er rík áherslu á að lestrarþjálfunin sé sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Lestrarstefna Vatnsendaskóla er unnin með það fyrir augum að bæta lestur allra nemenda skólans.

Lestur

Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur mjög flókin hugræn aðgerð. Fræðimenn og rannsakendur eru sammála um að tungumálið sé undirstaða lestrarnáms. Lestur er ferli sem þróast frá unga aldri en hið formlega lestrarnám hefst við upphaf grunnskólagöngu barnsins. Nokkrir færniþættir eru nauðsynlegir til að einstaklingur geti talist læs en meginþættir lestrarferlisins eru: Umskráning þ.e. að breyta bókstöfum í hljóð og lesskilningur þ.e. að skilja texta, draga ályktanir og túlka út frá samhengi. Til að lesa þurfa börn að þekkja tengsl stafs og hljóðs og geta umskráð tákn bókstafa í hljóð þeirra. Hröð og hindrunarlaus færni við að lesa úr bókstafstáknum er nauðsynleg til að öðlast skilning á innihaldi textans. Umskráningin er forsenda þess að ná tökum á lestri. Hafi nemandi góðan skilning og gott vald á umskráningu er hægt að segja að hann sé góður í lestri. Í byrjun lestrarnáms er umskráning hæg, mikil orka fer í að tengja staf og hljóð en æfingin skiptir hér höfuðmáli, þar geta foreldrar komið sterkir til leiks.

Foreldrasamstarf

Vatnsendaskóli leggur áherslu á öflugt foreldrasamstarf þegar kemur að lestrarnáminu. Samstarf skóla og foreldra og þátttaka foreldra, m.a. með því að sýna áhuga, stuðning og hvatningu við lestrarnámið eru þættir sem skipta miklu máli fyrir árangur barna í lestri. Stuðningur foreldra getur skipt sköpum þegar viðhalda á lestrarfærni nemenda. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um hvernig þeir geta stutt við lestrarnám barna sinna. Gott samstarf skóla og foreldra ætti því að vera árangursrík leið til að stuðla að farsælu lestrarnámi nemenda.

Heimalestur

Í Vatnsendaskóla er rík áhersla lögð á heimalestur. Eins og fyrr segir þá getur stuðningur foreldra við lestrarnám barna sinna haft mikil áhrif á hversu farsælt það verður. Reglulegur heimalestur, góðar samræður og lestrarhvetjandi umhverfi veita þar þyngst.

Lögð er áhersla á að nemendur lesi heima fimm sinnum í viku, 15 mínútur í senn undir handleiðslu fullorðinna, svo viðunandi árangur náist.

Mikilvægt er að börn lesi í fríum því ef þau lesa t.d. ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um yngri nemendur og þá sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið margar vikur að ná upp sömu færni aftur. Því leggjum við áherslu á að foreldrar stuðli að sumarlestri barna sinna.

Skráning á heimalestri (Mentor)

Viðmið Vatnsendaskóla í heimalestri er að nemendur lesi fimm sinnum í viku undir handleiðslu foreldra og ætlast er til að foreldrar kvitti að lestri loknum.

Árgangateymi fylgist með ástundun nemenda í heimalestri og skráir „heimalestri ólokið“ í Mentor þegar það á við.

Hann vinnur eftir ákveðnum verklagsreglum:

- Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði sendir kennari foreldrum netpóst.
- Ef ástundun batnar ekki þrátt fyrir tilmæli hringir kennari í foreldra.
- Ef ástundun batnar ekki þrátt fyrir samtal við foreldra boðar kennari til fundar.
- Ef ástundun batnar ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli boðar kennari til fundar með skólastjórnendum.

Lestraraðferðir

Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er nálgun eða samvirk aðferð í byrjendakennslu í lestri í fyrstu bekkjum grunnskóla.

- Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Einnig eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.
- Börn þurfa að fá lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflið og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.
- Fjölbreyttur gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslu og unnið er með stafi, hljóð, orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti sem gagnast við lestur, ritun og til að efla skilning og orðaforða.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Á fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Á öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og á þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Tæknileg vinna með letrið og hljóðin fer fram innan orðaforða textans á hverjum tíma. Eftir því sem færni nemenda eykst er markvisst stutt við sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda. Mikið er lagt upp úr félagastuðningi nemenda í lestrarnámi og því vinna þeir oft í hópum. Leikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur styðja hver annan og keppa að því að ná árangri. Þar eru hlutverk og reglur sem fara þarf eftir. Nemendur verða virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegt. Hér fyrir neðan má sjá líkan af þrepunum þremur:

1. **Prep: Inntak texta. Allir saman.**

Gæðatexti

Upplestur, upprifjun, þátttökulestur, skoðun á prenti

2. **Prep: Tæknilegir þættir lestrarnáms. Allir hópar.**

Sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni

hljóðvitund, skoðun á ritmáli, stafir, orðhlutar, orð...

3. **Prep: Enduruppbygging texta. Hópar, einstaklingar.**

Leiðbeinandi lestur, sjálfstæður lestur

Ritun stafa, orða og setninga. Nýtt efni samið.

Lestrarferfiðleikar

Fáir efast um mikilvægi og gagnsemi þess að ná góðum tókum á lestri og flest börn læra að lesa án mikilla erfiðleika. Við tókum því oft sem sjálfsgöðum hlut en í raun er það aðdáunarvert því lestur er mjög flókin aðgerð.

Börnin eru misvel undirbúin til að takast á við lestrarnám í upphafi skólagöngunnar og rannsóknir benda til þess að mikill munur sé á flestum þáttum læsis strax í fyrsta bekk og sé ekkert að gert er líklegt að þessi munur aukist enn frekar þegar líða tekur á skólagönguna. Lestur er undirstaða alls náms og viðbrögð við lestrarerfiðleikum þurfa að vera markviss og þá skiptir samvinna heimilis og skóla miklu máli.

Matstæki eftir árgöngum

Tilgangurinn með reglulegum skimunum og greiningum er að finna þá nemendur sem kunna að eiga í lestrarerfiðleikum þegar fram líða stundir svo unnt sé að hefja fyrirbyggjandi aðgerðir strax (snemmtæk íhlutun). Þær gefa vísbendingu um hvort nauðsyn sé á sértækum úrræðum. Matstækin eru fyrst og fremst ætluð til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika en einnig til að fylgjast með framförum.

1. árgangur

Stafakönnun – árgangateymi/sérkennari.

Lesskimun – okt. – árgangateymi/sérkennari.

Læsi – lestrarskimun 2 og 3 – feb./apr. – árgangateymi (sérkennari).

Hraðlestrarpróf Lesfimi – jan./maí – árgangateymi.

Nefnuhraði – jan. (sumir nem.) - sérkennari.

Próf í sjónrænum orðaforða – sept./ jan./maí. (sumir nem.) – árgangateymi.

Orðleysupróf – a.m.k. 1x á ári (sumir nem.) – árgangateymi.

2. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Læsi - lestrarskimun 1 og 2 - nóv./feb. – árgangateymi (sérkennari).

Lesmál – apr. – árgangateymi.

Nefnuhraði – sept. (sumir nem.) - sérkennari.

Próf í sjónrænum orðaforða – sept./jan./maí. (sumir nem.) – árgangateymi.

Orðleysupróf – a.m.k. 1x á ári (sumir nem.) – árgangateymi.

3. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

Próf í sjónrænum orðaforða – sept./jan./maí (sumir nem.) – árgangateymi.

Orðleysupróf – 1x á ári (sumir nem.) – árgangateymi.

Logos skimun – haust/vor – sérkennari.

4. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Samræmd próf

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

Próf í sjónrænum orðaforða – sept./jan./maí (sumir nem.) – árgangateymi.

Orðleysupróf – 1x á ári (sumir nem.) – árgangateymi.

Logos skimanir og greiningar – sérkennari.

5. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

6. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

7. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 3x á ári, sept./jan./maí – árgangateymi.

Samræmd próf

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

8. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 1-3x á ári (e. getu nem.) – árgangateymi.

Orðarún – nóv./apr. – árgangateymi.

9. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 1-3x á ári (e. getu nem.) – árgangateymi.

Samræmd próf

Logos skimun - (sumir nem.)

10. árgangur

Hraðlestrarpróf Lesfimi 1-3x á ári (e. getu nem.) – árgangateymi.

Logos endurmat – (sumir nem.)

Nánar um matstækin

Lesferill er matstæki Menntamálastofnunar sem samanstendur af stöðuprófum og skimunum í lestri. Lesferilsprófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning.

Stafakönnun gerir kennurum kleift að afla upplýsinga um stafabekkingu nemenda á fyrstu stigum lestrarnáms.

Lesskimun kannar undirbúning nemendahópsins í læsisþáttum.

Læsi og Lesmál eru lestrarskimanir sem er ætlað að athuga lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. árgöngum. Lesmál er staðlað mat á lestri og réttitun. Það metur umskráningu, hraðlestur, lesskilning og réttitun.

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni og hrynrænum þáttum í lestri. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Fjölmargar rannsóknir sýna sterk tengsl á milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi eflist lesskilningur jafnframt.

Nefnuhraði gefur okkur vísbendingar um erfiðleika við umskráningu og er mikilvægur forspárþáttur fyrir lesfimi.

Orðleysupróf gefur okkur vísbendingar um erfiðleika við umskráningu.

Sjónrænn orðaforði gefur okkur einnig vísbendingar um erfiðleika við umskráningu.

Orðarún er staðlað lesskilningspróf. Tvö próf eru fyrir hvern árgang og hvert próf samanstendur af tveimur textum og tíu fjölvalsspurningum eða fullyrðingum úr hvorum texta. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum, hvort nemendur geti lesið á milli línanna og dregið ályktanir.

Logos er staðlað tölvutækt greiningarpróf sem grundvallast á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Helstu hlutar prófsins eru lesskilningur, leshraði, hlustunarskilningur, hugtakaskilningur, umkóðunar færni og ýmsir undirþættir í umkóðunarferlinu.

Lestrarátak/lestrarsprettur

Markmiðið með lestrarátökum er að auka lesskilning og lestrarhraða ásamt því að vekja áhuga nemenda á yndislestri sem tómstundagamani. Markmiðið er að nemendur auki bæði leshraða og lesskilning og lesi meira en þeir eru vanir dags daglega. Í Vatnsendaskóla eru lestrarátök tvisvar sinnum á hverju skólaári.

Samræmd lesfimiviðmið Menntamálastofnunar

Menntamálastofnun hefur gefið út samræmd lesfimiviðmið fyrir hvern árgang grunnskólans og eru reiknuð sem fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Viðmiðin eru þrískipt og miðast öll við stöðuna í maí.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Til að koma til móts við fjölbreytileika nemendahópsins og til að markmiðin séu metnaðarfull en jafnframt raunsæ eru lesfimiviðmiðin þrískipt fyrir hvern árgang.

Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu í maí.

Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu í maí.

Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu í maí.